

**Ed.**

**57. Tillaga**

til þingsályktunar um flutningabrautina frá Þjórsá austur yfir Ytri-Rangá.

Flutningsm.: Guðmundur Guðfinnsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að athuga, um leið og endurskoðun vegalaganna frá 1907 fer fram samkvæmt ályktun síðasta Alþingis,

hvort ekki sje rjettast að telja flutningabrautina frá Þjórsá austur yfir Ytri-Rangá í Rangárvallasýslu í sjerstökum flokki flutningabrauta, með sjerstököm ákvæðum um viðhaldsskyldu.

#### Greinargerð.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt sem viðbót við þingsályktunartillögu frá síðasta Alþingi um endurskoðun vegalaganna frá 1907.

Flutningabraut þessi (Holtabraut) er byggð samkvæmt vegalögum frá 1894, þar sem ákveðið var, að flutningabrautir skyldu vera akfærar á sumrum; vegir eftir þessum lögum eru ver gerðir í upphafi en aðrir vegir, sem byggðir eru eftir lögum frá 1907. Skal þess og getið hjer, að öll er brautin ómalborin (ópúkkud) og vegarstæðið eitt hið lakasta hjer á landi, sjerstaklega erfitt að ná í ofaniburð og langt að flytja hann, t. d. víða 5 km.; verður því viðhaldið á þessari braut óvenju dýrt og erfitt, samanborið við aðrar flutningabrautir á landinu.

Af þessum framangreindu ástæðum virðist full ástæða til að þetta atriði verði athugað af stjórninni.